



# LÆKJARTORG

*HÖNNUNARSAMKEPPNI UM LÆKJARTORG OG AÐLIGGJANDI GATNARÝMI  
SAMKEPPNISLÝSING*

REYKJAVÍKURBORG Í SAMSTARFI VIÐ FÉLAG ÍSLENSKRA LANDSLAGSARKITEKTA (FÍLA)  
UMHVERFIS – OG SKIPULAGSSVIÐ REYKJAVÍKURBORGAR  
Borgartún 12-14 105 Reykjavík



# Efnisyfirlit

<b>1. Almenn um samkeppnina</b> .....	3
1.1 Verkkaupi.....	3
1.2 Dagsetningar og tímalína samkeppnar.....	3
1.3 Tungumál samkeppninnar .....	4
1.4 Varðveisla tillagna.....	4
<b>2. Forsendur</b> .....	4
2.1 Markmið .....	5
2.2 Afmörkun svæðis og sérstakar kvaðir. ....	6
2.3 Lækjartorg .....	7
2.4 Bankastræti .....	8
2.5 Austurstræti.....	8
<b>3. Tegund og tilhögun samkeppninnar</b> .....	9
3.1 Forval- Fyrri þrep .....	10
3.1.1 Skilagögn í fyrri þrepi.....	10
3.1.2 Mat forvalsnefndar á innsendum umsóknum á fyrri þrepi .....	11
3.2 Tillögur- Seinna þrep .....	11
3.2.1 Skilagögn á síðara þrepi.....	11
3.3 Áherslur dómnefndar .....	12
<b>4. Samkeppnisgögn</b> .....	12
4.1 Fyrirspurnir .....	12
4.2 Skilafrestur, merking og afhending tillagna.....	13
4.3 Dómnefnd.....	13
4.4 Trúnaðarmaður .....	14
4.5 Verðlaun .....	14
4.6 Sýning .....	15
4.7 Höfunda- og eignaréttur og hagnýting tillagna .....	15
4.8 Greiðslur .....	15
<b>5. Samþykki samkeppnislýsingar</b> .....	16

# 1. Almennt um samkeppnina

Reykjavíkurborg og Félag íslenskra landslagsarkitekta efna til hönnunarsamkeppni um Lækjartorg og aðliggjandi gatnarými.

Markmið samkeppninnar er að fá fram frjóar og áhugaverðar hugmyndir um hönnun þessara svæða í takt við þá umbreytingu sem á sér stað í nærumhverfinu. Samkeppnissvæðið nær yfir Lækjartorg, Lækjargötu frá Hverfisgötu að Austurstræti, Austurstræti og Bankastræti frá Þinghóltsstræti.

Samkeppnin er hönnunarsamkeppni með forvali og er í **tveimur** þrepum. Hér í kafla 1 er almennt um samkeppnina enn nánar um tilhögun samkeppninnar er í kafla 3. **Fyrri þrep** er öllum opið sem uppfylla kröfur um hæfi, sjá kafla 3.


Samkeppnin fer fram samkvæmt keppnislýsingu þessari og gildandi samkeppnisreglum (FÍLA).

Í samkeppni þessari gildir að þar sem samkeppnislýsing þessi og innkaupareglur Reykjavíkurborgar víkja frá samkeppnisreglum FÍLA ganga samkeppnislýsingin og innkaupareglurnar framar ákvæðum samkeppnisreglna FÍLA.

## 1.1 Verkkaupi

Hönnun og framkvæmd samkeppnissvæðis er á vegum Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg býður samkeppnina út á Evrópska efnahagssvæðinu.

## 1.2 Dagsetningar og tímalína samkeppnar



21. júní 2021	Forval auglýst
<b>13. ágúst 2021</b>	<b>Umsóknarfrestur rennur út</b>
27. ágúst 2021	Niðurstöður forvals tilkynntar
<b>01. september 2021</b>	<b>Samkeppni hefst</b>
20. september 2021	Fyrri fyrirspurnarfrestur
27. september 2021	Svör við fyrirspurnum 1
18. október 2021	Seinni fyrirspurnarfrestur
25. október 2021	Svör við fyrirspurnum 2
<b>24. Nóvember 2021</b>	<b>Skil á tillögum</b>
15. desember 2021	Dómnefnd lýkur störfum

### 1.3 Tungumál samkeppninnar

Tungumál þessarar samkeppni er íslenska og sama á við um verkefnið sjálft eftir samkeppnina. Öll gögn keppenda svo sem fyrirspurnir skulu vera á íslensku. Svör við fyrirspurnum verða á íslensku.

### 1.4 Varðveisla tillagna

Allar samkeppnistillögur seinna þreps verða varðveittar hjá verkkaupa að samkeppni lokinni.

## 2. Forsendur

Með m.a. nýju umferðarskipulagi Kvosarinnar og frumdrögum að [1. lotu Borgarlínu](#) þar sem gert er ráð fyrir að Borgarlínan fari eftir Lækjargötu með stöð við Lækjartorg ásamt nýrri viðbyggingu Stjórnarráðs Íslands við Lækjargötu eru endurbætur á svæðinu orðnar nauðsynlegar. Þá er ónefnt Hafnartorgið og endurgerð Tryggvagötu sem enn fremur hvetur til endurhugsunar á svæðinu með tilliti til aukins fólksfjölda sem um það fer daglega.

## 2.1 Markmið

Markmið samkeppninnar er að fá fram frjóar og áhugaverðar hugmyndir um hönnun Lækjartorgs og nærliggjandi gatna. Stefnt er að því að semja við höfunda tillagna um endanlega útfærslu forhönnunar. Nýtt deiliskipulag, ef þess gerist þörf verður unnið í samræmi við þá/þær tillögur sem hlutskarpastar verða.

### Meginmarkmið

Mikilvægt er að til sé mjög skýr áætlun og hönnun fyrir umrætt svæði sem ýti undir að mannlíf og rekstur geti blómstrað og dafnað á svæðinu til framtíðar.

- Skapa **heildstætt yfirbragð** þar sem hið gamla mætir hinu nýja á sannfærandi hátt.
- Styrkja svæðið sem kjarnasvæði sem gleður augað og hvetur til **jákvæðra samskipta** á milli mismunandi aldurs- og þjóðfélagshópa.
- Draga fram **sögu svæðisins** með áhugverðum hætti.
- Skapa rými sem henta **öllum árstíðum**.
- Skapa **öruggt borgarumhverfi** fyrir alla.
- Skapa aðstöðu fyrir vörulosun, hleðslustöðvar, deilihjól og önnur götugögn.
- Taka mið af **heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna** um sjálfbærni.
- Hafa það að leiðarljósi að **styðja við og styrkja** nýja og núverandi starfsemi á götuhliðum jarðhæða sem snúa að samkeppnissvæðinu.
- Skapa sveigjanleg rými, að þau rúmi fjölsóttu viðburði og uppákomur, en séu jafnframt vistleg hversdagslega.



## 2.2 Afmörkun svæðis og sérstakar kvaðir.



Mynd 1. Kort sem sýnir samkeppnissvæðið

Afmörkun samkeppnissvæðis nær yfir Lækjartorg, Lækjargötu frá Hverfisgötu að Austurstræti, Austurstræti frá Lækjargötu að Ingólfstorgi og Bankastræti frá Þinghóltsstræti að Austurstræti.

Bankastræti skal tengjast Lækjartorgi yfir Lækjargötu og mynda samfellda heild, hanna skal götuna sem vistgötu en í anda göngugötu þar sem flæði gangandi vegfarenda þarf að vera í algerum forgang ásamt aðgengi fyrir alla. Þá skal gæta að sérstökum ákvæðum er varða Stjórnarráð Íslands hér í fylgiskjali. Lækjargata tengist Lækjartorgi og lóð Stjórnarráðs Íslands á sannfærandi hátt enn líta skal til útfærslu Borgarlínustöðvar úr frumdragaskýrslu Borgarlínunnar, sem má finna á <https://borgarlinan.is/utgefid-efni/skyrslur/frumdragaskýrsla>

Austurstrætið skal hannað sem göngugata frá Lækjartorgi að Ingólfstorgi en gera skal m.a ráð fyrir aðkomu fyrir vörulosun og akstri neyðarþjónustu. Deiliskipulag af svæðinu er frá árinu 1987 og er það gildandi skipulag fyrir svæðið. Umferðarskipulag Kvosarinnar gerir betur grein fyrir umferðarskipulagi svæðisins.

Í framhaldi af niðurstöðum samkeppninnar er stefnt að því að vinna að nýju deiliskipulagi fyrir svæðið.

## 2.3 Lækjartorg



Lækjartorg á sér langa sögu sem mikilvægt torg í borgarlandi Reykjavíkur og hefur haft veigamikinn sess í borgarlífinu um langa hríð. Torginu var gefið nafn árið 1848 en snemma á 19. öld var ákveðið að hafa opið svæði vestan Lækjar andspænis Stjórnarráðshúsinu. Það var almennur siður að bændur tjölduðu bæði á Lækjartorgi og Austurvelli þegar þeir heimsóttu höfuðstaðinn. Fyrsti útifundurinn sem haldinn var á torginu var árið 1909 til að mótmæla brottvikningu Tryggva Gunnars-

sonar úr bankastjórastarfi við Landsbankann. Síðan þá hefur myndast hefð fyrir hinum ýmsu samkomum og útifundum, togsölu og öðrum árstíðarbundnum viðburðum. Einn þekktasti útifundur sem haldinn hefur verið á Lækjartorgi er Kvennafundurinn sem haldinn var 24. október 1975 og rötudu myndir af þeim viðburði í fréttamiðla víða um heim. Á torginu er einnig að finna ýmis götugögn eins og jólaköttinn á aðventunni og gróðurhúsið, auk þess sem almenningssamgöngur eru staðsettar á jaðri togsins. Um helgar er þar stæði matarvagna og hefur torgið lengi vel verið mjög líflegt bæði á kvöldin og á nóttunni.

Lækjartorg hefur liðið fyrir nokkuð kuldalegt yfirbragð og norðanátt hefur stundum sett mark sitt á svæðið. Einnig er þar akstursleið neyðaraksturs og áðurnefnd stæði matarvagna sem hafa hamlað gerð fastra dvalarsvæða. Á torginu stendur áttstrendur söluturn sem er einkennandi fyrir torgið en hann var fluttur aftur þangað árið 2010, á sinn upprunalega stað, en áður hafði hann verið á flakki um miðborgina og meðal annars staðið við Arnarhól og í Mæðragarði. Söluturninn var reistur upphaflega í tilefni af konungskomunni árið 1907. Þá er á torginu Persil klukka sem hefur verið sterkt einkenni á torginu, útlit hennar hefur þó dalað undanfarin ár. Á torginu var komið fyrir litlu gróðurhúsi sumarið 2020; Herbarium, þar sem borgin hefur sýnt árstíðabundnar plöntur og sinnt ýmiskonar fræðslu og lánað húsið fyrir hinar ýmsu uppákomur m.a. fyrir jólatrésmarkað Skógræktarfélags Reykjavíkur, fyrir Borgarsögusafn og sem sýningarstaður fyrir Hönnunarmars. Á torginu hefur jólakötturinn átt sér sinn samastað, en hann hefur mikið aðdráttarafl fyrir unga sem aldna á aðventunni. Við torgið á ein af stærri stöðvum Borgarlínunnar að vera staðsett skv. frumdrögum Borgarlínunnar en gert er ráð fyrir allt að 76 vögnum á klst. yfir háannatíma við torgið.

### Markmið fyrir Lækjartorg:

- Skoða heildaryfirbragð togsins og samspil við borgarlínustöð.
- Skapa góða aðstöðu fyrir notendur almenningssamgangna, skjól og söluaðstöðu.
- Skapa aðstöðu fyrir uppákomur og viðburði.
- Útbúa dvalarsvæði og aðstöðu til útiveru.
- Skoða möguleika á léttum byggingum á torginu til ýmissa nota.
- Skoða gróður og blágrænar lausnir.
- Draga fram vatn / lækinn með einhverjum hætti.



- Styrkja **flæði** í átt að Bankastræti, Ingólfstorgi og Hafnartorgi.
- Leggja áherslu á **góða lýsingarhönnun með áherslulýsingu** sem getur breyst með árstíðunum.
- Huga vel að **gæðum** í efnisvali og götugögnum.
- Gera ráð fyrir **list** í almannarými.
- Tryggja rými fyrir **vörulosun** á svæðinu.
- Skoða möguleika á **nýrri útfærslu** á Persil klukkunni í tengslum við hlutverk almenningsgangna við torgið.
- Styrkja **samspil og starfsemi** á jarðhæðum húsa sem snúa að torginu .
- Styrkja **göngutengsl** yfir torgið í átt að Reykjastræti, bæði í gegnum sund inn að Hafnarstræti og meðfram Lækjargötu.

## 2.4 Bankastræti

*Bankastræti verður vistgata með lágum umferðarhraða. Aðeins verður hægt að aka inn á Bankastræti frá Þingholtsstræti og Skólastræti. Gangandi og hjólandi umferð verða í algerum forgangi og hugsa skal yfirborð götunnar með það að markmiði að sýna sem minnstan aðskilnað og að bíllinn sé hér gestur. Huga ber að aðgengi inn á Bernhöftstorfuna og þá skal takmarka möguleika bifreiða á því að aka nærri vegg stjórnarráðsins. Gangandi umferð á að renna yfir á Lækjartorg og tengja inn á stöð almenningsgangna á Lækjargötu, sjá frumdrög Borgarlínu. Við Bankastrætið er Bernhöftstorfan en þar er lítið en vel sótt leiksvæði, styrkja mætti tengslin milli götunnar og torfunnar. Við götuna er einnig „Núllið“ en skoða mætti hlutverk þess við götuna.*

### Markmið fyrir Bankastræti:

- Skoða **heildaryfirbragð** göturýmis.
- Tryggja **örugga gönguleið** yfir Lækjargötu.
- Skoða **samspil og tengingar** við borgarlínustöð.
- Skoða **tengingu göngugötu** Laugavegar við Bankastræti.
- Skoða **gróður** og **blágrænar** lausnir.
- Styrkja **tengingu** við Bernhöftstorfu.
- Huga vel að **gæðum** í efnisvali, lýsingu og götugögnum.
- Skoða **hlutverk Núllsins** í skiplaginu.

## 2.5 Austurstræti

*Austurstrætið er ein af fyrstu götum í Reykjavík sem fengu á sig borgaryfirbragð, en gatan var í fyrstu nefnd Langastétt, hún var einnig fyrsta gatan í Reykjavík sem var hellulögð frá upphafi að enda.*

Austurstræti er göngugata frá Lækjargötu að Pósthússtræti og verður í framtíðinni einnig göngugata frá Pósthússtræti að Ingólfstorgi samkvæmt nýju umferðarskipulagi Kvosarinnar. Austurstræti fór síðast í endurgerð árið 2001 og má þar finna listaverk eftir Kristinn E. Hrafnsson; Einn staður- Einn tími- og annar.. sem var framkvæmt í tengslum við endurgerðina.

### Markmið fyrir Austurstræti

- Skoða **Heildaryfirbragð** göturýmis.
- **flétta saman** hönnun Austurstrætis við Lækjartorg.
- Útbúa góð **dvalarsvæði** á sólríkum svæðum götunnar.
- Skapa rými fyrir **útleitingar**.
- Skapa góða aðstöðu til **vörulosunar**.
- Skoða **gróður og blágrænar lausnir** og aðstöðu fyrir árstíðabundnar skreytingar.
- Leggja áherslu á **skemmtilega lýsingu** sem hæfir svæðinu.
- **Skoða list** í almannarými. Skoða þarf listaverk Kristins E. Hrafnssonar við endurhönnun götunnar.
- Styrkja **samspil og starfsemi** á jarðhæðum húsa sem snúa að Lækjartorgi.

### 3. Tegund og tilhögun samkeppninnar

Lýst er eftir tillögum að hönnun Lækjartorgs, Lækjargötu frá Tryggvagötu að Austurstræti, Austurstræti frá Lækjargötu að Ingólfstorgi og Bankastræti frá Þingholtsstræti með rými fyrir fólk að leiðarljósi. Hönnun skal vera í samræmi við stefnumörkun borgaryfirvalda eins og hún birtist í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, ásamt viðauka AR 2040 og með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi. Einnig þarf að hafa til hliðsjónar skýrslu um Frumdragaskýrslu Borgarlínu (Borgarlínan 1. lota forsendur og frumdrög jan. 2021), flæðisgreiningu Lækjartorgs, skýrsluna; Gólflið í Kvosinni og tillögu að nýju umferðarskipulagi Kvosarinnar.

Samkeppnin er tveggja þrepa hönnunarsamkeppni með **forvali** þar sem **þrjú teymi** verða svo valin til að taka þátt í seinna þrepi samkeppninnar og vinna hönnunartillögu að öllu samkeppnissvæðinu. Öllum er frjálts þátttaka en innan teymanna þarf þó að vera a.m.k. **einn landslagsarkitekt** og **einn arkitekt**. Undanskildir þátttöku eru dómáram og ritari dómnefndar og einnig þeir sem reka teiknistofu með dómnefndarfulltrúa, vinna að verkefnum með þeim eða hafa gert síðastliðið ár eða eru þeim nátengd. Vafatílfelli skal bera undir FÍLA, Félag íslenskra landslagsarkitekta.

Samkeppnin er rafræn. Öll samskipti vegna samkeppninnar verða rafræn, keppnisgögn eru rafræn og verða tillögum skilað með rafrænum hætti.

Í seinna þrepi hafa þrjú teymi verið valin til að hanna samkeppnissvæðið og fær hvert teymi greiddar 5.000.000 kr. án vsk. fyrir vinnu sína.

*Verkkaupi er ekki skuldbundinn til að nýta neinar af þeim tillögum sem berast en áskilur sér rétt til að semja um útfærslu og/eða forhönnun allra tillagna við höfunda í hluta eða heild. Verkkaupi áskilur sér rétt til að semja við eitt eða fleiri teymi til að forhanna svæðin þrjú í heild eða að hluta til.*

## 3.1 Forval- Fyrri þrep

Forvalsnefnd fer yfir allar umsóknir sem berast og velur **þrjú** teymi til þátttöku á síðara þrepi samkeppninnar á grundvelli mats sbr. kafla 3.1.2 og neðangreindra skilagagna sem óskað er eftir þ.e. ferilskrá, kynningarmöppu og sýn eða lýsingu teyma á verkefninu. Umsóknum skal skilað á samkeppnisritara, Rebekku Guðmundsdóttur á netfangið [rebekka.gudmundsdottir@reykjavik.is](mailto:rebekka.gudmundsdottir@reykjavik.is). Sjá nánari tímasetningu í kafla 1.2 og í kafla 4.2 um skilafrest . Ekki er hægt að skila inn umsóknum eftir að skilafrestur forvals er útrunninn.

### 3.1.1 Skilagögn í fyrri þrepi

1. **Skjal með nöfnum og titlum þátttakenda ásamt ferilskrá allra meðlima teymis** (Stærð A4 portrait, mest 2 bls. á hvern teymismeðlim). Óskað er eftir að mynduð séu þverfagleg teymi og í hverju teymi skal vera a.m.k. einn arkitekt og einn landslagsarkitekt. Tilgreina skal teymisstjóra. Kostur er að teymi séu fjölbreytt er varðar menntun, reynslu, aldur og kyn. Mikilvægt er að innan teymis sé fagleg breidd einstaklinga sem geta í sameiningu leyst alla þætti verkefnisins.
2. **Kynningarmappa eða „Portfolio“** (Stærð A4, mest 4 bls. á hvern teymismeðlim). Kynning á verkefnum teymismeðlima þ.e. reynsla meðlima af hönnun almenningsrýma og skal tiltaka dæmi (minnst 4 dæmi) og reynslu af lýsingarhönnun (minnst 2 dæmi). Til reynslu teljast lítil og stór verkefni í almenningsrýmum borga og bæja. Heimilt er að leggja fram fyrri samkeppnistillögur, hönnun á götugögnum, lýsingarverkefni innan og utanhúss og list í almannarými. Einnig má telja fram verkefni unnin í skóla en skulu þá merkt sem skólaverkefni. Almenningsrými teljast t.d torg, garðar, dvalarsvæði og áningarstaðir sem eru opin almenningi..
3. **Greinargerð – stutt lýsing.** Greinargerð eða lýsing sem lýsir sýn teyma á samkeppnissvæðið (hámark 500 orð) ásamt því sem lýsingin skal studd með hugmyndaborði (moodboard) fyrir svæðið. Hugmyndaborði skal skila sér með greinargerðinni (stærð A2 Landscape). Teymið skal lýsa þeirri aðferða- og hugmyndafræði sem það mun nýta við að nálgast verkefnið ásamt frumhugmyndum fyrir allt svæðið, helstu einkennum þess, áherslusvæði og mismunandi notkunarmöguleika.

3.1.2 Mat forvalsnefndar á innsendum umsóknum á fyrra þrepi (ef teymi uppfylla kröfur um hæfi, sbr. kafli 3 )

**1. Fjölbreytni teyma og hæfni (20%) (CV)**

Fjölbreytileiki, menntun og fagleg breidd teymis.

**2. Fjölbreytileiki og gæði verkefna tengd hönnun á almenningsrýmum (40%) (Portfolio)**

Heildaryfirbragð verkefna, fagurfræði, nýbreytni, efnisval, gróður, notkunarmöguleikar og vistvæni.

**3. Sýn teyma á svæðið í skrifuðu máli og á hugmyndaborði (40%) (Moodboard)**

Heildarsýn (concept), hugmyndir og nálgun á verkefninu ásamt sjónrænni nálgun á hugmyndaborði (moodboard).

## 3.2 Tillögur- Seinna þrep

Á síðara þrepi samkeppninnar vinna þau þrjú teymi sem voru valin úr fyrra þrepi samkeppninnar eða forvali hönnunartillögu á samkeppnissvæðinu.

### 3.2.1 Skilagögn á síðara þrepi

- 1. Kynning á tillögu á pdf. skjali ( Stærð A4 landscape).** Í kynningarskjali skal vera greinargerð, þar sem lýst er megininntaki tillögunnar, helstu forsendum og markmiðum og gerð grein fyrir helstu stærðum, uppbyggingu, götugögnum og efnisnotkun. Uppdrættir, sneiðingar af völdum áherslusvæðum og skýringarmyndir/ myndefni (visuals) sem sýnir nánari útfærslur af einstökum svæðum eða umhverfi ásamt munum og mannvirkjum í sínu vænta samhengi í borgarmyndinni.
- 2. Kynningar plaköt á pdf.** (Stærð A0, 2-3 plaköt). Á plakötum skulu koma fram uppdættir, sneiðingar og önnur grafík til kynningar verkefnis ásamt greinargerð. Aðaluppdráttur af öllu samkeppnissvæðinu í skala 1:500 og aðrir uppdættir eða sérteikningar sem þykja sýna einhver áherslusvæði innan tillögunnar í skala 1:200 eða 1:100.
- 3. Uppdrættir, skýringarmyndir, myndefni eða önnur grafík (illustration).** Skal skilað sér á pdf. í góðri upplausn.

Öll gögn skal senda rafrænt á tölvupóstfang trúnaðarmanns, Hermann Georg Gunnlaugsson á [trunadarmadurfile01@gmail.com](mailto:trunadarmadurfile01@gmail.com) og skal hann tryggja að nafnleyndar sé gætt.

### 3.3 Áherslur dómnefndar

Við mat á tillögum mun dómnefnd horfa til þess hvernig keppendum tekst til við að mæta þeim markmiðum sem talin eru upp í samkeppnislýsingu þessar. Að auki mun dómnefnd horfa sérstaklega til þess hvernig tillögurnar falla að umgjörð og sögu svæðisins og hvernig keppendum tekst til við að glæða torgið og allt samkeppnissvæðið lífi, flétta saman fjölbreytta starfsemi og auka notagildi svæðisins á frumlegan og áhugaverðan máta. Höfuðáhersla verður á að heildaryfirbragð og hönnun svæðisins myndi umgjörð um þann fjölbreytileika sem einkennir svæðið og geri það enn eftirsóknarverðara sem áfangastað til dvalar og afþreyingar. Áhersla er lögð á góðar tengingar og útfærslur sem styrkja samspil Lækjartorgs við fyrirhugaða Borgarlínustöð og aðstöðu henni tengdri.

## 4. Samkeppnisgögn

Þátttakendum ber að yfirfara og kynna sér skipulagsáætlanir sem fjalla um svæðið eða einstaka hluta þess. Gögn er varða verkefni sem unnin hafa verið á reitnum eru aðgengileg í gegnum trúnaðarmann samkeppninnar. Þar er einnig að finna keppnislýsingu þessa. Ekki er krafist þátttökugjalds vegna samkeppninnar.

- Samkeppnislýsing þessi.
- Aðalskipulag Reykjavíkur - borg fyrir fólk - Viðauki AR 2040.
- Umferðarskipulag Kvosarinnar.
- Frumdragaskýrsla Borgarlínu.
- Minnisblað er varðar Stjórnarráð Íslands.
- Gólfíð í kvosinni, skýrsla.
- Flæðisgreining á Lækjartorgi

### 4.1 Fyrirspurnir

Fyrirspurnir er varða samkeppnisgögn eða samkeppnina í heild sinni á síðara þrepi skal senda trúnaðarmanni dómnefndar fyrir tilskilinn fyrirspurnartíma. Trúnaðarmaður mun leggja afrit af þeim fyrir dómnefndina. Trúnaðarmaður sendir síðan öllum skráðum keppendum, allar fyrirspurnir, ásamt svörum dómnefndar á það netfang, sem gefið var upp þegar keppnisgögn voru sótt. Keppendur eru hvattir til að kynna sér samkeppnislýsingu þessa vel ásamt samkeppnisgögnum og nýta sér fyrirspurnir til þess að koma á framfæri athugasemdum sem hann hefur um gögnin. Nánar um fyrirspurnarfresti má finna í kafla 2.1.

## 4.2 Skilafrestur, merking og afhending tillagna

### Forval- Fyrri þrep

Umsóknum skal skilað rafrænt af teymisstjóra hönnunarteymis á ritara samkeppninnar, Rebekku Guðmundsdóttur á netfangið; [rebekka.gudmundsdottir@reykjavik.is](mailto:rebekka.gudmundsdottir@reykjavik.is) fyrir kl. 16.00 þann 13. ágúst 2021.

Við afhendingu umsóknar fær keppandi staðfestingu á viðtöku með tölvupósti frá ritara dómnefndar.

### Tillögur –Seinna þrep

Tillögum skal skilað rafrænt til trúnaðarmanns samkeppninnar, Hermann Georg Gunnlaugssonar á netfangið [trunadarmadurfila01@gmail.com](mailto:trunadarmadurfila01@gmail.com) fyrir kl. 16.00 þann 24. nóvember 2021. Öll gögn skulu merkt með 5 stafa auðkennisnúmeri að eigin vali og nafn teymis í aðskildu skjali (nafnamiða). Á nafnamiða skal koma fram nafn, heimilisfang og símanúmeri höfundar eða höfunda og samstarfsmanna.

Ófrávíkjanleg skilyrði þess að tillögu sé veitt viðtaka og hún dæmd, er að henni sé skilað á réttum tíma og nafnleyndar sé gætt skv. samkeppnisreglum Fíla.

## 4.3 Dómnefnd

### Verkkaupi hefur skipað eftirtalda aðila í forvalsnefnd;

- Rebekka Guðmundsdóttir, deildarstjóri, f.h. Deild borgarhönnunar.
- Þorsteinn Rúnar Hermannsson, samgöngustjóri.
- Björn Ingi Edvardsson, f.h. FÍLA, Félag íslenskra landslagsarkitekta.
- Hrönn Hrafnisdóttir, f.h. Skrifstofu stefnumótunar og greiningu.

Komi upp hagsmunatengsl eða vensl milli keppenda og fulltrúa í forvalsnefnd sem valdið geta **vanhæfni** í skilningi stjórnsýslulaga nr. 37/1993, skal forvalsnefndarmaður víkja sæti.

### Verkkaupi hefur skipað eftirtalda aðila í dómnefnd;

- Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi – formaður dómnefndar.
- Hjálmar Sveinsson, borgarfulltrúi.
- Orri Steinarsson, arkitekt/skipulagsfræðingur.

### FÍLA, Félag íslenskra Landslagsarkitekta hefur skipað eftirtalda aðila í dómnefnd;

- Hlín Sverrisdóttir, landslagsarkitekt FÍLA/skipulagsfræðingur SFFÍ.
- Heba Hertervig, arkitekt AÍ.

Björn Axelsson er formaður dómnefndar.

Ritari dómnefndar er Rebekka Guðmundsdóttir, deildarstjóri og borgarhönnuður hjá Reykjavíkurborg.

Dómnefnd getur kallað eftirtalda aðila sér til aðstoðar:

- Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.
- Þorsteinn Rúnar Hermannsson, samgöngustjóri Reykjavíkurborgar.
- Hrafnkell Proppé, Verkefnastofa Borgarlínu.
- Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur.
- Guðbrandur Benediktsson, forstöðumaður Borgarsögusafn.
- Árni Friðleifsson, aðalvarðstjóri Lögreglan á Höfuðborgarsvæðinu.
- Kristinn E. Hrafnsson, listamaður.

## 4.4 Trúnaðarmaður

Trúnaðarmaður er tilnefndur af Fíla, Félag íslenskra landslagsarkitekta og er Hermann Georg Gunnlaugsson landslagsarkitekt, FÍLA.

Samkeppnin fer fram undir nafnleynd á seinna þrepi og mun trúnaðarmaður gæta að nafnleynd þáttakenda gagnvart dómnefnd, ráðgjöfum sínum og ráðgjöfum dómnefndar.

Öllum fyrirspurnum og athugasemdum á seinna þrepi samkeppninnar skal skilað í gegnum netfang trúnaðarmannsins á [trunadarmadurfila01@gmail.com](mailto:trunadarmadurfila01@gmail.com),

Dómnefnd áskilur sér rétt til þess að kalla til ráðgjafa um einstaka málaflokka ef þörf krefur.

## 4.5 Verðlaun

Forvalsnefnd velur þrjú teymi til þátttöku í seinna þrepi samkeppninnar sbr. kafli 3.1. Hvert teymi fær **5.000.000 kr. án vsk.** til að þróa sína tillögu áfram.

Dómnefnd metur innsendar tillögur að loknu seinna þrepi og tilkynnir hvaða tillaga hlýtur 1. verðlaun. Verkkaupi hyggst nýta sér niðurstöður samkeppninnar. Áætlað er að dómnefnd ljúki störfum þann **15. desember 2021** og verða þá úrslit tilkynnt.

Strax og nafnleynd hefur verið rofin á seinna þrepi verður höfundum verðlaunatillögu sérstaklega tilkynnt um niðurstöður dómnefndar. Fréttatilkynning um úrslit verður einnig birt fjölmiðlum. Í henni kemur fram hvaða tillaga var verðlaunuð og hverjir eru höfundar hennar.

Dómnefnd mun leggja áherslu á, að gefa út heildarumsögn um samkeppnina.

**2.000.000 kr. án vsk.** verðlaunafé verður veitt fyrir 1. verðlaun í seinna þrepi.

## 4.6 Sýning

Verkaupi stefnir á að halda sýningu á öllum þremur samkeppnistillögum úr seinna þrepi við fyrsta tækifæri eftir að dómnefnd hefur lokið störfum. Tillögurnar verða sýndar undir höfundarnafni.

## 4.7 Höfunda- og eignaréttur og hagnýting tillagna.

Reykjavíkurborg verður eigandi allra gagna sem til verða við vinnslu samkeppnistillaga, þ.m.t. teikninga, mynda, myndbanda, merkja og annarra gagna.

Tillöguhöfundar veitir Reykjavíkurborg ótímabundinn rétt til að nota öll gögnin með hverjum þeim hætti sem Reykjavíkurborg ákveður, m.a. grunnmyndir, teikningar, diagröm, sneiðingar, myndefni, hæðarlíkön, þrívíddarmódel, svo helstu dæmi séu nefnd.

Engar takmarkanir skulu gilda á notkunarrétti Reykjavíkurborgar, svo sem hvað varðar gerð og fjölda eintaka, breytingar á Gögnunum í heild eða hluta, hvar og í hvaða formi Gögnin eru notuð eða í hvaða miðli. Í notkunarrétti Reykjavíkurborgar felst því enn fremur að honum er heimilt að vinna Gögnin áfram, breyta þeim og/eða fela öðrum útfærslu þeirra, sbr. 1. mgr. 28. gr. höfundalaga nr. 73/1972.

Notkun Reykjavíkurborgar á Gögnunum er ekki háð samþykki eða frekari greiðslum til höfunda hönnunartillagna.

## 4.8 Greiðslur

Kaupandi skilgreinir eftirfarandi greiðslufyrirkomulag.

100% greiðsla sbr. kafli 4.5 verður framkvæmd þegar öllum gögnum hefur verið skilað sbr. kafli 3.2.1 um skilagögn á seinna þrepi. Ritari dómnefndar fær upplýsingar frá dómnefnd um að tilskilnum gögnum hafi verið skilað og samþykkir í kjölfarið að inna megi greiðslu af hendi. Ef öllum gögnum sbr. kafli 3.2.1 er ekki skilað mun ekki koma til greiðslna að hálfu Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg áskilur sér 30 daga greiðslufrest miðað við dagsetningu reiknings. Ef reikningur er ekki sendur samkvæmt forskrift eða ber ekki með sér nægar upplýsingar til að staðfesta réttmæti hans gildir ekki fyrirheit um greiðslufrest.

Þó Reykjavíkurborg greiði reikninga samkvæmt gjaldskrá sem ekki er staðfest af kaupanda felst ekki í því viðurkenning á nýrri gjaldskrá. Komi slíkt í ljós áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til skuldajöfnunar á grundvelli gildandi gjaldskrár.

Ekki skulu koma fram á reikningi gjöld sem ekki tengjast seldri vöru eða þjónustu, s.s. seðil- eða þjónustugjöld.

Allir reikningar til Reykjavíkurborgar skulu vera á rafrænu formi. Skulu þeir fylgja gildandi tækniforskriftum frá Staðlaráði Íslands fyrir rafræna reikninga.

Upplýsingar er varða rafræna reikninga má nálgast á vef Reykjavíkurborgar: <http://reykjavik.is/sjalfvirkir-rafraenir-reikningar>.



Reikningur skal ávallt innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- Kennitala kaupanda: **570480-0149 (Eignasjóður)**
- Kostnaðarstaður/deild: **30523**
- Verknúmer og/eða verkþáttur: **207097**
- Sundurliðun á vöru og/eða þjónustu, magn og eining
- Listaverð án vsk., afsláttarprósenta og afsláttarverð án vsk.
- Aðrar lögbundnar upplýsingar

Rafræna reikninga skal senda þann dag sem dagsetning reiknings segir til um.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að hafna reikningum sem uppfylla ekki framangreind skilyrði.

Ef nánari upplýsinga er óskað vegna rafrænna reikninga má hafa samband við Agresso sérfræðinga Fjármála- og Áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar í síma 411-1111 eða senda fyrirspurn á netfangið: [rafraenir.reikningar@reykjavik.is](mailto:rafraenir.reikningar@reykjavik.is).

## 5. Samþykki samkeppnislýsingar

Samkeppnislýsing þessi ásamt samkeppnisreglum FÍLA er grundvöllur samkeppninnar.

Samkeppnislýsingin er unnin af verkkaupa samkeppninnar í samvinnu við dómnefndarmenn og FÍLA, Félag íslenskra landslagsarkitekta.

Reykjavík 08. september 2021

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar



Rebekka Guðmundsdóttir

Deildarstjóri borgarhönnunar

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---